



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Stýrihópur um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir

---

***Efni: Tillögur stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir***

1. Lagt er til að velferðarsviði verði heimilað að hækka gistináttgjald hjá sveitarfélögum fyrir gistingu í neyðargistiskýlum Reykjavíkurborgar í 46.000 kr. fyrir hverja gistinótt, þegar einstaklingur á lögheimili utan Reykjavíkur, þannig að gjaldið samsvari raunkostnaði. Gjaldið verði innheimt ársfjórðungslega og fjárhæð taki þá breytingu miðað við vísitölu neysluverðs.
2. Lagt er til að starfshópi verði falið að leggja til útfærslu á og að kostnaðarmeta tillögu stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir um **prepaskipta þjónustu** við heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir.
3. Lagt er til sviðsstjóra verði falið að eiga samtalið við Samband íslenskra sveitarfélaga um mikilvægi aðkomu ríkisins að málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Skorað er á sambandið að beita sér fyrir því að ríkið komi með sama hætti að fjármögnun og skipulagi málaflokksins og tíðkast erlendis.
4. Lagt er til sviðsstjóra verði falið að eiga viðræður við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í málefnum heimilislausra.
5. Lagt er til að velferðarsviði verði falið að leita liðsinnis Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar með að finna húsnæði sem mögulega gæti hentað sem hjúkrunarrými fyrir einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir.

### **Greinargerð:**

Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt á fundi velferðarráðs 5. júní 2019, og á fundi borgarráðs þann 11. október sama ár, og gildir til loka árs 2025. Meginmarkmið stefnunnar eru alls átta og ná yfir 34 aðgerðir. Settir mælikvarðar eru alls 25.

Velferðarráð samþykkti á fundi sínum þann 8. desember 2021 tillögu um skipun stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Stýrihópur verkefnisins hefur unnið á grundvelli meðfylgjandi erindisbréfs undir forystu Heiðu Bjargar Hilmisdóttur, formanns velferðarráðs. Markmið og hlutverk hópsins er að endurskoða núverandi aðgerðaáætlun á grundvelli stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir og leggja fram tillögur að nýjum eða breyttum aðgerðum, forgangsroðun þeirra



og kostnaðarmati. Sérstök áhersla er lögð á stöðu heimilisláusra kvenna í endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar.

Hópnúm var áætlað að starfa á tímabilinu janúar – apríl 2022 en það er mat hópsins að lengja þurfi starfstíma hans til loka maí 2023. Þá er þess vænst að fyrir liggi upplýsingar á grundvelli eftirfarandi tillagna sem hópurinn leggur fyrir velferðarráð þann 1. febrúar 2023:

1. Lagt er til að velferðarsviði verði heimilað að hækka gistináttgjald hjá sveitarfélögum fyrir gistingu í neyðargistiskýlum Reykjavíkurborgar í kr. 46.000 fyrir hverja gistinótt, þegar einstaklingur á lögheimili utan Reykjavíkur þannig að gjaldið samsvari raunkostnaði. Gjaldið verði innheimt ársfjórðungslega og fjárhæð taki breytingu miðað við vísitölu neysluverðs.

Þann 21. nóvember 2018 samþykkti velferðarráð að innheimt yrði gistináttgjald fyrir íbúa annarra sveitarfélaga í neyðarskýlum borgarinnar. Frá árinu 2018 hefur Reykjavíkurborg gert 17 samninga við önnur sveitarfélög um heimild til innheimtu slíks gjalds. Gistináttgjaldið í nóvember 2022 er 21.246 kr. Alls hefur verið rukkað fyrir 1.559 gistinætur fyrir tímabilið janúar til nóvember 2022, alls 32,6 m.kr.

Þegar gistináttgjaldið var lagt á í upphafi var það ekki á forsendum raunkostnaðar. Önnur sveitarfélög hafa þrátt fyrir hvatningu ekki sett upp sambærileg úrræði í sínum umdæmum og því situr Reykjavíkurborg ein uppi með kostnað við að þjónusta þennan jaðarsetta hóp. Nú er svo komið að ekki verður lengur setið við að Reykjavíkurborg niðurgreiði kostnað vegna gistingar.

Lagt er til að hækka gjaldið fyrir hverja nótt í 46.000 kr. sem endurspeglar raunkostnað við rekstur neyðarskýlanna. Til grundvallar útreikningi á kostnaði fyrir hverja nótt er allur launakostnaður, annar rekstrarkostnaður og húsaleiga meðtalin fyrir rekstri allra neyðarskýlanna. Miðað er við 100% nýtingu og opnun 365 daga á ári.

2. Lagt er til að undirnefnd stýrihópsins verði falið að leggja til útfærslu á og að kostnaðarmeta tillögu stýrihópsins um **þrepaskipta þjónustu** við heimilisláusa með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Þrátt fyrir að á undanförunum árum hafi ýmislegt áunnist í málaflokknum telur stýrihópurinn brýnt að horfa til framtíðar og byggja upp heildstæða áætlun þar sem þörfum einstaklinga er mætt með þrepaskiptum úrræðum þar sem eitt úrræði tekur við af öðrum eftir því sem hentar þörfum viðkomandi einstaklinga. Litið hefur verið til fyrirkomulags sem bæði Norðmenn og Danir hafa byggt upp.

### **Þrep 1: Neyðarmóttaka**

Neyðarmóttaka þjónustar einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir. Í neyðarmóttöku starfa félagsráðgjafar/aðrir sérfræðingar með þekkingu á málaflokknum. Í neyðarmóttöku fer fram frumgreining á stöðu notandans og mat á því hvort viðkomandi falli að skilgreiningunni „einstaklingur með miklar og flóknar þjónustuparfir“. Vísað er til stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilisláusra með miklar og flóknar þjónustuparfir en þar segir: „*Alvarleg fíkn og/eða geðrænn vandi eru einkennandi fyrir hópinn auk þroskafrávika, líkamlegra veikinda, sögu um áföll og félagslega erfiðleika*“.



Á grundvelli mats vísar neyðarmóttakan einstaklingum í neyðarskýli eða bendir á aðrar lausnir t.d. ef viðkomandi fellur ekki að skilgreiningu markhóps þjónustunnar.

### **Prep 2: Neyðarskýli**

Í neyðarskýlum geta einstaklingar dvalið í ákveðinn fjölda nóttu en framtíðarmarkmið er að stytta dvöl einstaklinga í 3-5 nætur samhliða uppbyggingu endurhæfingar í áfangahúsnæði.

### **Prep 3: Tímabundin endurhæfing í áfangahúsnæði**

Í áfangahúsnæði geta einstaklingar dvalið í allt að 12 mánuði. Á þeim tíma fer fram markvisst mat á þjónustupörf viðkomandi. Fagfólk leiðir þá vinnu en horfa þarf til:

- Styrkleika og bjarga.
- Færni til athafna daglegs lífs (t.d. SiS mat).
- Heilsufars (andlegt og líkamlegt).
- Vímuefnanotkunar – skaðaminnkandi inngríp m.a. að unnið verði með að draga úr eða koma í veg fyrir neyslu í gegnum æð.
- Hvaða þörf er á áframhaldandi þjónustu.

### **Prep 4: Eftirfylgd – búseta**

Eftir dvöl í áfangahúsnæði þarf að liggja fyrir mat á því hvaða búsetuform og/eða stuðning einstaklingurinn þarfnast.

- Almennt leiguhúsnæði með skilgreindum stuðningi frá viðkomandi miðstöð.
- Áfangaheimili, ef viðkomandi hefur farið í vímuefnaeðferð.
- Húsnæði fyrst með skilgreindum stuðningi frá VoR teymi.
- Sólarhringsþjónusta á þar til gerðum heimilum t.d. áfangaheimilum þar sem neysla er leyfð eða í sértækri búsetu t.d. á grundvelli fötlunar, mikilla og flókinna stuðningsþarfa.
- Smáhús.
- Færanlegt teymi sem veitir sólarhringsstuðning sbr. Liðsaukinn sem sinnir fötluðum einstaklingum í sjálfstæðri búsetu.
- Hjúkrunarheimili.

Starfshópnum verður falið með erindisbréfi að útfæra og kostnaðarmeta þrepaskiptan stuðning. Skilgreina þarf nánar þau viðmið sem gilda um aðgengi að þjónustunni t.d. heimild starfsfólks til að vísa einstaklingum frá. Leggja þarf mat á mönnunarþörf/málavog í þrepaskiptum úrræðum og skilgreina lengd dvalar í hverju úrræði fyrir sig. Jafnframt þarf að leggja fram tillögu um greiðsluþátttöku einstaklinga eftir úrræðum og þá mögulega að horfa til getu hvers og eins til að standa straum af leigu og hvernig megi smátt og smátt auka greiðsluþátttöku. Kortleggja þarf ferð notandans gegnum ferlið m.a. út frá ábyrgðarskiptingu hvers og eins sem að þjónustunni koma. Með því móti verður hægt að tryggja skýrari upplýsingagjöf til notanda. Að lokum þarf að leggja fram tillögur um hvaða breytingar væri hægt að gera á núverandi úrræðum í málaflokknum til að tryggja þrepaskiptan stuðning. Lagt er til að starfshópurinn skili niðurstöðum fyrir 1. maí 2023.



3. Lagt er til sviðsstjóra verði falið, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, að eiga formlegar viðræður við félags- og vinnumarkaðsráðherra um aðkomu ríkisins að málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Reykjavíkurborg hefur oftsinnis vakið athygli á því að borgin ber hita og þunga af þjónustu við heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir. Reykjavíkurborg er t.d. eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem rekur neyðarskýli fyrir konur og karla. Skýlin hafa m.a. þjónustað einstaklinga sem eru með lögheimili utan Reykjavíkurborgar oftast á grundvelli samninga við viðkomandi sveitarfélög. Til neyðarskýla hafa jafnframt leitað einstaklingar sem eru án kennitölu og/eða sem skilgreinast einstaklingar í sérstökum aðstæðum (sbr. reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara og endurgreiðslur fjárhagsaðstoðar úr ríkissjóði frá 2021).

Stýrihópurinn telur mikilvægt að eftirfarandi verði rætt við félags- og vinnumarkaðsráðherra:

- Setning laga um að sveitarfélögum sé heimilt að heimta þjónustugjöld frá öðrum sveitarfélögum vegna þjónustu við heimilislausa. Vakin er athygli á því að margar nágrannaþjóðir hafa sett lög um þjónustu við heimilislausa.
- Endurskoðun laga um lögheimili til að sporna við þeirri þróun að lögheimili heimilislausra séu flutt til Reykjavíkur sem gerir öðrum sveitarfélögum kleift að losna undan ábyrgð á þjónustu. Í Noregi geta einstaklingar t.d. ekki flutt lögheimili sitt til Óslóar til að tryggja sér þjónustu.
- Aukinn fjárhagslegur stuðningur ríkisins vegna einstaklinga í sérstökum aðstæðum en í dag greiðir ríkið einungis fyrir útlagðan kostnað en ekki þjónustuveitinguna sjálfa. Ræða þarf möguleika á að Fjölmeningarsetur taki við umræddri þjónustu.
- Aðkoma ríkisins að dagúrræði fyrir heimilislausa þvert á sveitarfélög.
- Að settar verði reglur um áfangaheimili en skortur er á regluverki og eftirliti með slíkum úrræðum.

4. Lagt er til sviðsstjóra verði falið að eiga formlegar viðræður við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um samstarf í málefnum heimilislausra.

Mikilvægt er að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eigi gott samstarf um málefni heimilislausra. Þeirri ákvörðun SSH um að ráða starfsmann til að leggja mat á stöðu málaflokksins í sveitarfélögunum er fagnað en beðið er eftir því að fram verði lögð heildræn stefnumótun með aðgerðum sem tryggir viðeigandi þjónustu þvert á höfuðborgarsvæðið. Slíkt kann að leiða til þess að hægt verði að vinna að öflugri og hagkvæmari uppbyggingu á þjónustunni. Þá er talið mikilvægt að horft sé til möguleika á samstarfi við frjáls félagasamtök en Hjálpræðisherinn, Samhjálp og Rauði krossinn hafa sagst vera reiðbúin til að reka í sameiningu dagúrræði og neyslurými fáist til þess rekstrarfé frá stjórnvöldum (ríki og sveitarfélögum). Samtökin hafa greint félags- og vinnumarkaðsráðherra frá tilboði sínu.

5. Lagt er til að velferðarsviði verði falið að leita liðsinnis Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar með að finna húsnæði sem mögulega gæti hentað sem hjúkrunarrými fyrir einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir.



## Reykjavíkurborg

Fram fara viðræður við heilbrigðisráðuneytið um aðkomu að hjúkrunarrýmum fyrir þann hóp heimilislausra sem þarfnast hjúkrunar. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg leiti að húsnæði sem mögulega gæti hentað undir slíka starfsemi.